



Fundur Fræðslunefndar Hveragerðisbæjar haldinn á bæjarskrifstofu, Breiðumörk 20, 3.6.2019 kl. 17:00.

Fundinn sátu: Alda Pálsdóttir, Smári Björn Stefánsson, Ninna Sif Svavarsdóttir, Sæbjörg Lára Másdóttir, Friðrik Örn Emilsson og fulltrúar sveitarfélagsins Ölfus, Hlín Guðnadóttir og Ida Lön.

Ennfremur sátu fundinn Svava Dóra Svavarsdóttir fulltrúi foreldra skólabarna, Gunnvör Kolbeinsdóttir leikskólastjóri Óskalands, Jónína Þórarinsdóttir staðgengill leikskólastjóra Undralands, Sævar Þór Helgason skólastjóri GÍH og Matthea Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri GÍH sem ritaði fundargerð.

Alda formaður nefndarinnar setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

Dagskrá:

1. Fundur settur
2. Skýrslur skólastjórnenda
 - a. Óskaland

Útskrift elstu barnanna fór fram 29.maí þar sem 20 börn voru útskrifuð og farið var í sameiginlega útskriftarferð leikskólanna.

Öryggisvika var 27.-31. maí þar sem lögregla, sjúkra- og slökkvilið fræddi börnin um störf sín.

Starfsemin er að mestu utandyra fram að sumarleyfi, farið er í göngu- og vettvangsferðir.

Einhverjar breytingar verða í starfsmannahópnum í haust, enn eru starfsmenn í langtímaveikindum og óskað verður eftir því að ráða inn sérkennslustjóra við leikskólann.

82 börn eru í leikskólanum.

Sumarleyfi verður frá 9. júlí-12. ágúst hjá báðum leikskólunum.

b. Undraland

Vorönn í Leikur að læra lauk í apríl og þá tóku vettvangsferðir og aukin útivera við.

Vorskólinn í maí gekk vel og allir tilbúnir á næsta skólastig.

Við útskrifuðum 20 nemendur í síðustu viku, við hátíðlega athöfn í salnum. Daginn eftir var farið í útskriftarferð.

Opið hús tók síðan við, þar mættu margir með ömmur og afa og skoðuðu saman verk barnanna í máli og myndum.

Foreldraviðtölin eru nýafstaðin með góðri mætingu foreldra. Sameiginleg foreldrakönnun leikskólanna er í vinnslu.

Sett hafa verið niður drög að deildarskipan fyrir haustið og byrjað er að færa börn á milli deilda .



Börnin á Undralandi eru 105 og starfsmenn 35. Það er alltaf hreyfing í starfsmannahópnum, nú hætta þrjú starfsmenn, tveir fara í fæðingarorlof og tveir koma til baka úr fæðingarorlofi. Einn starfsmaður var að útskrifast sem leikskólaliði. Við auglýsum eftir nýju fólki fyrir sumarfrí, líklega vantar í tvær stöður í ágúst.

c. Grunnskóli

Eins og kom fram á síðasta fundi nefndarinnar 4. apríl síðastliðinn fékk GíH stórgóðar niðurstöður úr starfsmannakönnun Skólapúls sem voru kynntar nefndarmönnum.

Skólastjóri renndi yfir vettvangs- og skólaferðir nemenda á vormisseri.

GíH var slitið í 30. sinn föstudaginn 31. maí við hátíðlega athöfn í Hveragerðiskirkju, kaffihlaðborð á eftir í boði 9.bekkja.

Nemendur grunnskólans eru 371.

Ráðið hefur verið í auglýstar stöður fyrir næsta skólaár.

3. Önnur mál.

Borist hefur erindi frá bæjarráði vegna heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna, bókað 16.maí 2019. Erindið verður tekið fyrir á fyrsta fundi fræðslunefndar að hausti.

Fyrirspurn kom frá leikskólastjóra Óskalands um að nefndarfundir verði á dagvinnutíma.

Fundi slitið kl. 18.04

Ava Þókdóttir
Nína Svavardóttir
[Signature]
Sumari Björn Stefánsson.
Jónna Þorarsdóttir
Gunnvör Kolbeinsdóttir
[Signature]
Hlín Guðrún
Svara Svavar.
[Signature]

2 Hósti Jóhanna.